

# Ársskýrsla gjafsóknarnefndar 2022

---

*17. nóvember 2023*

---

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
I. hluti .....	4
Gjafsóknarnefnd, starfsmaður nefndarinnar og starfsemi nefndarinnar .....	4
Fundir .....	4
Tímaskilyrði .....	5
Hýsing umsókna og aðgengi að gögnum .....	5
Fjöldi funda .....	6
Lagaheimildir .....	6
Mat á því hvort tilefni sé nægilegt .....	7
Mat á fjárhag umsækjanda .....	8
Takmörkun gjafsóknar og gjafsókn fyrir æðra dómi .....	9
Umsókn vísað frá gjafsóknarnefnd/ráðuneyti .....	10
Ýmis ákvæði laga um gjafsókn .....	10
II hluti .....	12
Tölulegar upplýsingar er varða afgreiðslur mála .....	12
Heildarfjöldi mála .....	12
Aðkoma varamanna .....	13
Fyrir hvaða dómstól var óskað gjafsóknar .....	13
Heildarfjöldi umsækjenda og flokkun umsókna eftir kyni umsækjanda, dómstigi og eftir umsögnum gjafsóknarnefndar .....	15
Flokkun mála eftir eðli máls .....	17
Þjóðerni umsækjenda .....	24
III. hluti .....	25
Reikningar og kostnaður vegna gjafsóknarmála .....	25

# Ársskýrsla gjafsóknarnefndar 2022

## *Inngangur*

Ársskýrslu gjafsóknarnefndar fyrir starfsárið 2022 er skipt í þrjú meginhluta. Í fyrsta hlutanum verður farið yfir starfsemi nefndarinnar á árinu 2022 og nefndina sjálfa. Þar verður einnig fjallað um lagaumhverfið sem gjafsóknarnefnd starfar eftir. Í öðrum hluta verður farið yfir tölulegar upplýsingar um afgreiðslur mála hjá nefndinni á árinu 2022. Loks verður í þriðja hlutanum farið í örstuttu máli yfir reikninga og kostnað vegna gjafsóknarmála. Sá fyrirvari er gerður við tölulega flokkun að utan um tölulegan fjölda er haldið með handvirkum hætti í excel skjali af hálfu starfsmanns gjafsóknarnefndar Það að halda utan um tölulega flokkun með slíkum hætti getur valdið því að einstaka skráning sé röng, þrátt fyrir að starfsmaður fari ítrekað yfir skráningar.

## ***I. hluti***

### **Gjafsóknarnefnd, starfsmaður nefndarinnar og starfsemi nefndarinnar**

Í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er mælt fyrir um að ráðherra skuli skipa nefnd þriggja lögfræðinga, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir um gjafsókn. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands en annar eftir tilnefningu Dómarafélags Íslands.

Á árinu 2022 voru eftirfarandi aðilar í gjafsóknarnefnd. Áslaug Árnadóttir, lögmaður og jafnframt formaður, án tilnefningar, Hervör Lilja Þorvaldsdóttir, landsréttardómari, tilnefnd af Dómarafélagi Íslands og Jóhannes Albert Sævarsson, lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands.

Varamenn voru þau Finnur Magnússon, lögmaður, án tilnefningar og jafnframt varamaður formanns. Eggert Óskarsson fyrrum héraðsdómari, tilnefndur af Dómarafélagi Íslands og Þórdís Bjarnadóttir, lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands.

Starfsmaður gjafsóknarnefndar var Ásta Valdimarsdóttir lögfræðingur, fulltrúi hjá sýslumanninum á Vesturlandi og var starfsaðstaða hennar á skrifstofu embættisins á Akranesi.

Í ljósi þess að fjöldi umsókna um gjafsókn jókst frá fyrri árum sem leiddi til þess að afgreiðslutími umsókna lengdist og nokkur málahali hafði safnast var ákveðið að ráða starfsmanni gjafsóknarnefndar aðstoðarmann. Frá 1. janúar 2022 var Ragnhildur Eva Jónsdóttir, lögfræðingur ráðin í 50% starfshlutfall. Störf Ragnhildar Evu voru að mestu unnin í fjarvinnu á heimili hennar í Lundarreykjadal, Borgarfirði. Hlutverk aðstoðarmanns voru að meginstefnu þau að rita málavaxtalýsingar fyrir umsagnir nefndarinnar.

### **Fundir**

Allir fundir gjafsóknarnefndar á árinu 2022 voru haldnir með rafrænum hætti á teams. Tímasparnaður er einn helsti kostur við rafræna fundi auk þess sem fundarmenn eru ekki bundnir við neina ákveðna staðsetningu á fundartíma. Þá er reynsla nefndarmanna sú að rafrænir fundir eru oft skilvirkari en staðfundir.

Til viðbótar við fyrirfram ákveðna fundi þá hefur gjafsóknarnefnd afgreitt einstaka mál á milli funda í þeim málum sem þörf hefur verið á skjótri afgreiðslu samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytisins, í svokölluðum flýtimeðferðarmálum. Afgreiðsla flýtimeðferðarmála fer alla jafna fram í tölvubréfasamskiptum milli nefndarmanna og starfsmanns nefndarinnar.

Samtals voru 603 mál afgreidd frá gjafsóknarnefnd á árinu 2022 og er það svipaður fjöldi og afgreiddur var á árinu 2021 en þá voru samtals 592 mál afgreidd frá nefndinni. Nánar verður fjallað um tölulega skiptingu afgreiddra mála í öðrum hluta skýrslunnar.

### ***Máli frestað á milli funda***

Fyrir kemur að mál sé tekið fyrir á fleiri en einum fundi. Sé afgreiðslu máls frestað á milli funda er það alla jafna í þeim tilgangi að óska eftir frekari gögnum og/eða frekari rökstuðningi, á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 45/2008. Í einhver skipti hefur málum verið frestað á milli funda í þeim tilgangi að nefndarmenn vilja skoða og ígrunda málið betur áður en umsögn er veitt í því einstaka máli. Á árinu 2022 var samtals 45 málum frestað á milli funda, sem nemur

7,5% af heildarfjölda málanna. Til viðmiðunar var á árinu 2021 samtals 41 máli frestað á milli funda eða 6,9% af heildarfjölda málanna.

### ***Mál afgreitt á milli funda***

Í einhver skipti er af hálfu dómsmálaráðuneytisins óskað eftir að umsókn sé afgreidd frá gjafsóknarnefnd með skömmum fyrirvara og þess beiðst að gjafsóknarnefnd veiti umsögn sína á milli funda. Í slíkum málum, sem kallast flýtimeðferðarmál, fer afgreiðsla alla jafna fram í tölvubréfasamskiptum milli nefndarmanna og starfsmanns nefndarinnar. Á árinu 2022 voru samtals 35 mál afgreidd á milli funda eða 5,8% af heildarfjölda málanna. Til viðmiðunar voru á árinu 2021 samtals 22 mál afgreidd á milli funda eða sem nemur 3,7% af heildarfjölda mála þess árs. Aukning var því á þeim fjölda mála sem afgreidd voru á milli funda á milli þessa tveggja ára.

### **Tímaskilyrði**

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfsemi gjafsóknarnefndar, með áorðnum breytingum, skal gjafsóknarnefnd að jafnaði innan fjögurra vikna frá því nefndinni berst umsókn um gjafsókn, sem studd er fullnægjandi rökum og gögnum, gefa ráðuneytinu skriflega og rökstudda umsögn um umsóknina. Í mörgum tilvikum náði gjafsóknarnefnd ekki að fjalla um og gefa umsögn sína í málum innan greindra tímamarka. Að jafnaði var málsmeðferðartími umsóknar hjá gjafsóknarnefnd um það bil fjórir mánuðir.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 38. gr. barnalaga nr. 76/2003, skal flýta meðferð máls um forsjá eða lögheimili barns. Í ljósi þessa voru mál er vörðuðu umsókn um gjafsókn í málum vegna forsjár eða lögheimilis barns teknar til afgreiðslu framar öðrum málum hjá nefndinni. Biðtími vegna slíkra mála var því að jafnaði mun skemri eða um það bil einn mánuður.

Í lok ársins 2022 biðu samtals 99 mál afgreiðslu nefndarinnar á móti 123 málum sem biðu afgreiðslu í upphafi ársins. Náðist þannig að einhverju leyti að vinna niður uppsafnaðan málahlata.

### **Hýsing umsókna og aðgengi að gögnum**

Samkvæmt 3. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal umsókn um gjafsókn vera skrifleg og beint til ráðherra. Dómsmálaráðuneytið móttekur umsóknir um gjafsókn og fylgigögn þeirra og kemur þeim áfram til gjafsóknarnefndar og starfsmanna hennar.

Dómsmálaráðuneytið heldur utan um og hýsir lokað teams svæði sem geymir allar umsóknir um gjafsókn og fylgigögn þeirra. Aðalmenn gjafsóknarnefndar og starfsmenn nefndarinnar hafa aðgang að hinu lokaða teams svæði ráðuneytisins. Þá hafa hlutaðeigandi starfsmenn dómsmálaráðuneytisins aðgang að greindu teams svæði í þeim tilgangi að færa inn í viðeigandi möppur umsóknir um gjafsókn og fylgigögn þeirra.

Varamenn gjafsóknarnefndar hafa ekki aðgang að hinu lokaða teams svæði. Þegar varamaður hefur aðkomu að máli þá sendir starfsmaður gjafsóknarnefndar viðkomandi varamanni öll gögn þeirra umsókna í tölvubréfum.

Inni á hinu umfjallaða teams svæði gjafsóknarnefndar eru umsóknir flokkaðar í möppur, allt eftir því hvar í ferlinu hver umsókn er stödd hverju sinni. Möppurnar eru eftirfarandi;

1. Umsóknir sem eru í vinnslu hjá ráðuneytinu og hafa ekki verið sendar til nefndarinnar til umsagnar.
2. Umsóknir sem sendar hafa verið til nefndarinnar og formlega óskað eftir umsögn nefndarinnar.
3. Mál sem nefndin hefur afgreitt.
4. Umsagnir nefndarinnar sem hafa verið undirritaðar og skannaðar.
5. Máli lokið í ráðuneyti og ekki þörf á umsögn nefndarinnar.
6. Listar ráðuneytisins yfir hreyfingar á innkomnum málum frá fyrri fundum nefndarinnar.

Ýmist eru það starfsmenn ráðuneytisins eða starfsmaður gjafsóknarnefndar sem sjá um að færa mál á milli mappa á greindu teams svæði. Þegar umsögn gjafsóknarnefndar liggur fyrir er sú umsögn undirrituð, alla jafna af hálfu formanns, og send til starfsmanns nefndarinnar sem sér um að færa undirritaða umsögn inn á teams svæðið.

Frá því að greint teams svæði var tekið í notkun, sem var í árslok 2021, var frá því horfið að fara með eiginlegt frumrit undirritaðrar umsagnar til ráðuneytisins.

## **Fjöldi funda**

Á árinu 2022 hélt nefndin 18 fundi og voru þeir allir haldnir með rafrænum hætti í gegnum teams. Auk þess voru afgreiddar 35 umsagnir á milli funda í flýtimeðferðarmálum. Nefndin tók sér sumarleyfi frá störfum í júlímánuði og var enginn fundur haldinn þann mánuðinn. Engu að síður voru fjórar umsagnir afgreiddar í flýtimeðferðarmálum á meðan sumarleyfi nefndarmanna frá nefndarstörfum stóð. Til viðmiðunar voru fundir nefndarinnar samtals 20 á árinu 2021, þar af einn símafundur. Fundir nefndarinnar á árinu 2022 voru þessir:

1. fundur – 14. janúar
2. fundur – 26. janúar
3. fundur – 9. febrúar
4. fundur – 23. febrúar
5. fundur – 17. mars
6. fundur – 30. mars
7. fundur – 27. apríl
8. fundur – 12. maí
10. fundur – 22. júní
11. fundur – 25. ágúst
12. fundur – 13. september
13. fundur – 28. september
14. fundur – 26. október
15. fundur – 9. nóvember
16. fundur – 23. nóvember
17. fundur – 8. desember
18. fundur – 29. desember

## **Lagaheimildir**

Meginheimildir um gjafsókn er að finna í 126. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með áorðnum breytingum, og er ákvæðið svohljóðandi í dag:

1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skylirða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu yrðu honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

2. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar um skilyrði gjafsóknar, þ.m.t. hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

3. Gjafsókn verður enn fremur veitt eftir því sem fyrir er mælt í öðrum lögum.

4. Nú er gjafsókn veitt, og skal þá tekið fram í gjafsóknarbréfi til hvaða máls hún taki, hvort hún séveitt til rekstrar máls fyrir héraðsdómi eða æðra dómi og hvort hún sé takmörkuð með tilteknum hætti.

## Mat á því hvort tilefni sé nægilegt

Með heimild í 2. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 hefur verið sett reglugerð nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar. Í 5. gr. reglugerðarinnar, eins og hún var árið 2022<sup>1</sup>, voru í þremur töluliðum leiðbeinandi reglur til að meta hvort tilefni var til veitingar gjafsóknar og var gert skylt hafa til viðmiðunar eftirtalin sjónarmið. Í fyrsta lagi hvort málið væri þess eðlis að málskostnaður yrði greiddur af almannafé og að jafnaði skyldi ekki veita gjafsókn í máli þar sem ágreiningsefnið væri eins og að neðan greinir nema sérstakar ástæður mæltu með því. Ástæðurnar sem ákvæðið tilgreindi voru:

- a. ágreiningsefnið varðar viðskipti umsækjanda er tengjast verulega atvinnustarfsemi hans og hann hefur með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi komið sér í þá aðstöðu sem málsókninni er ætlað að bæta úr,
- b. ágreiningsefnið er milli nákominna,
- c. um er að ræða mál sem varðar óverulega hagsmuni og ekki er eðlilegt hlutfall milli þeirra og líklegs málskostnaðar,
- d. umsækjandi hefur sýnt að sér verulegt tómlæti sem hefur í för með sér sönnunarvanda.

Í öðru lagi voru leiðbeinandi reglur til að meta hvort málfefnið væri nægilega skýrt og að málsókn væri nauðsynlegt og tímabær. Samkvæmt ákvæðinu skyldi hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:

- a. að málatilbúnaður sé nægilega skýr þannig að ætla megi að málið sé tækt til efnismeðferðar fyrir dómstóli,
- b. hvort leitast hafi verið að leysa málið utan réttar, þ.á.m. fyrir úrskurðarnefndum,
- c. hvort gagnaöflun utan réttar sé lokið og málshöfðun sé nauðsynleg og tímabær.

---

<sup>1</sup> Reglugerð nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar var breytt með reglugerð nr. 91/2023 og tók sú breyting gildi þann 18. janúar 2023.

Í þriðja lagi skyldi líta til þess hvort málfefnið væri þannig að nokkrar líkur væru á því að málið ynnist fyrir dómi. Í því sambandi var heimilt meðal annars að horfa til þess hvort dómstólar höfðu áður leyst úr sambærilegu ágreiningsefni.

Við mat á tilefni til gjafsóknar fyrir æðra dómstigi ber samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 45/2008 að hafa hliðsjón af framangreindum atriðum sem nefnd voru í 5. gr. auk dómsniðurstöðu og ástæðum áfrýjunar. Þá er einnig heimilt að líta til þess hvort um sé að ræða mál sem dæmt hefur verið af sérfróðum meðdómsmönnum eða hvort áfrýjunargrundvöllur máls lúti aðallega að sönnunarþáttum þess.

### Mat á fjárhag umsækjanda.

Í greindri reglugerð eru í 7. og 8. gr. leiðbeinandi reglur um hvernig meta eigi hvenær skilyrðum til gjafsóknar er fullnægt á grundvelli fjárhags umsækjanda. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skal miða við að stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars og fjármagnstekjur nemi ekki hærri en tiltekinni fjárhæð á ári. Sé umsækjandi í hjúskap eða sambúð skal hafa hliðsjón af samanlögðum tekjum sambýlisfólks/hjóna og þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal hafa hliðsjón af samanlögðum tekjum foreldra. Hækka skal viðmiðunarmörk fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, þar með talið stjúp- og fósturbörn, sem búa hjá umsækjanda eða hann elur að mestum hluta önn fyrir. Þær fjárhæðir sem miða skal við taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert.

Á árinu 2022 voru viðmiðunarfjárhæðirnar eftirfarandi:

Einstaklingur	kr. 4.040.635
Hjón/sambúðarfólk	kr. 6.069.632
Hvert barn undir 18 ára aldri	kr. 449.201

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 45/2008 má veita einstaklingi gjafsókn þótt tekjur hans séu yfir greindum viðmiðunarmörkum í eftirfarandi tilvikum sem talin eru upp í neðangreindum staflaðum:

- framfærslukostnaður er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum,
- aflahæfi umsækjanda er verulega skert til frambúðar vegna varanlegrar örorku,
- umsækjandi, maki hans eða sambúðarmaki á ekki íbúðarhúsnæði og leigukostnaður er verulegur,
- samanlagðar tekjur umsækjanda og maka hans eru yfir viðmiðunarmörkum skv. 7. gr. en tekjur hans sjálfs eru undir þeim mörkum og telja verður að málið varði hann aðallega,
- umsækjandi er yngri en 18 ára og sérstakar ástæður mæla með því þótt tekjur foreldra séu yfir tekjumörkum skv. 7. gr.,
- málkostnaður verður fyrirsjáanlega hár miðað við efnahag umsækjanda,
- frá launatekjum er heimilt að draga vaxtagjöld vegna eigin húsnæðis ef vaxtagjöld eru óvenjulega há. Við mat á fjárhagsstöðu er jafnframt heimilt að leggja við þær vaxtabætur sem umsækjandi og maki hans fá greiddar.



Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar má synja einstaklingi um gjafsókn þótt tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum skv. 7. gr. meðal annars í eftirtöldum tilvikum sem talin eru upp í neðangreindum staflidum:

- a. umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili á peningainnistæðu, hlutabréf, skuldabréf, fasteign, lausafé eða aðrar eignir sem skipt geta máli þegar metin er greiðslugeta hans til að kosta málsókn sína sjálfur,
- b. eignir umsækjanda, maka hans eða sambúðaraðila umfram skuldir eru verulegar,
- c. aðilar að dómsmáli eru fleiri en einn og hlutur gjafsóknarbeiðanda er tiltölulega lítill miðað við aðra málsaðila.

Við mat á því hvort gjafsókn verði veitt vegna þess að úrlausn varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda skal meðal annars höfð hliðsjón af því hve rík áhrif úrlausn máls getur haft á hagi hans, sbr. 8. gr. a. reglugerðar nr. 45/2008.

### **Takmörkun gjafsóknar og gjafsókn fyrir æðra dómi**

Í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um heimild til takmörkunar á gjafsókn þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið tiltekinni fjárhæð.

Í meirihluta umsagna gjafsóknarnefndar á árinu 2022 þar sem mælt var með gjafsókn var gjafsókn takmörkuð við réttargjöld og þóknun lögmanns við rekstur málsins fyrir viðkomandi dómstól. Þar næst var í umsögnum nefndarinnar gjafsókn takmörkuð við réttargjöld, þóknun lögmanns og undirmatsgerð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi.

Í 9. gr. reglugerðar nr. 45/2008 er að finna leiðbeinandi reglur um takmörkun á fjárhæð en takmarka má gjafsókn við ákveðinn hluta málskostnaðar eða tiltekna fjárhæð í þeim tilvikum er ákvæðið kveður á um, en það eru:

- a. efnahag umsækjanda er þannig varið að ætla megi að hann geti sjálfur staðið straum af hluta málskostnaðar,
- b. hagsmunir gjafsóknarbeiðanda af úrslitum máls eru litlir,
- c. í málum sem æskilegt er að lokið verði með sátt, svo sem forsjármálum,
- d. þar sem óskað er mats sérfræðinga undir rekstri máls og ætla verður að framvinda þess kunni að ráðast af niðurstöðum matsins,
- e. ef umsækjandi nýtur váttryggingarverndar í formi réttaraðstoðar- eða málskostnaðartryggingar hjá váttryggingarfélagi.

Á árinu 2022 var ekkert mál sem gjafsóknarnefnd taldi rétt að takmarka gjafsókn við tiltekna fjárhæð. Til viðmiðunar var í samtals fjórum málum á árinu 2021 sem nefndin taldi rétt að takmarka gjafsókn við tiltekna fjárhæð.

Í 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 kemur fram að skjóti gagnaðili gjafsóknarhafa málinu til æðra dóms þá nái gjafsókn einnig til málskostnaðar gjafsóknarhafa þar fyrir dómi, þar á meðal af gagnafryjun eða gagnkæru máls, ef annað er ekki tekið fram í gjafsóknarbréfi.

## **Umsókn vísað frá gjafsóknarnefnd/ráðuneyti**

Eins og að framan hefur verið rakið er heimild til þess að veita aðila dómsmáls gjafsókn að finna í XX. kafla laga nr. 91/1991. Þau lög taka til almennrar meðferðar einkamála fyrir íslenskum dómstólum er varðar einkaréttarlegar kröfur, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laganna skal málflutningsþóknun til umboðsmanns gjafsóknarhafa ákveðin í dómi. Af því leiðir að gjafsókn verður ekki veitt eftir að niðurstaða dóms liggur fyrir. Í einhver skipti hefur gjafsóknarnefnd fjallað um umsókn eftir að meðferð máls fyrir dómstólum er lokið.

Fyrir kemur að lögð er fram umsókn um gjafsókn fyrir kostnaði vegna útlagðs kostnaðar sem að mati gjafsóknarnefndar fellur undir kostnað við rekstur máls fyrir dómstól og þegar hefur verið veitt gjafsókn fyrir. Slíkum umsóknum er vísað frá gjafsóknarnefnd með vísan til gilds gjafsóknarleyfis.

Þá hefur gjafsóknarnefnd vísað umsókn frá nefndinni þegar umsókn telst vera svo vanreifuð að ekki er unnt fyrir nefndina að taka afstöðu til hennar og umsóknin hefur verið sett fram af hálfu lögmanns, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 45/2008.

Ennfremur kom það fyrir í einhver skipti á árinu 2022 að gjafsóknarnefnd vísaði frá nefndinni umsókn um gjafsókn þar sem kveðið er á um lögbundna gjafsókn í sérlögum. Sem dæmi um slíkt er þegar umsækjandi æskir gjafsóknar á grundvelli 11. gr., og eftir atvikum 22., gr., sbr. 11. gr. barnalaga nr. 76/2003, það er þegar umsækjandi er barn og er jafnframt stefnandi í faðernis- og/eða véfengingarmáli.

Á árinu 2022 voru samtals 27 mál sem gjafsóknarnefnd vísaði frá eða taldi rétt að ráðuneytið vísaði frá. Til viðmiðunar voru það 24 mál á árinu 2021 sem nefndin vísaði frá eða taldi rétt að ráðuneytið vísaði frá.

## **Ýmis ákvæði laga um gjafsókn**

Víða í sérlögum er að finna sérstök ákvæði er ganga lengra en hið almenna ákvæði um gjafsókn skv. 126. gr. laga nr. 91/1991 kveður á um. Í þessu sambandi er alla jafna talað um lögbundna gjafsókn og helstu tilvik um slíkt eru eftirfarandi:

### ***Barnalög nr. 76/2003***

Þegar barn er stefnandi máls til feðrunar er ekki gefið út gjafsóknarleyfi og kemur umsókn um slíkt ekki til umsagnar hjá gjafsóknarnefnd, né er umsókn um slíka gjafsókn lögð fram til dómsmálaráðuneytisins. Um lögbundna gjafsókn er að ræða skv. ákvæðinu og fellur það í hlut dómara í málinu að taka afstöðu til þessarar lögbundnu gjafsókn. Hið sama á við þegar barn er stefnandi í máli til véfengingar á faðerni þess.

### ***Barnaverndarlög nr. 80/2002***

Samkvæmt 60. gr. barnaverndarlaga hafa foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. laganna lögbundna gjafsókn fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Mál á grundvelli barnaverndarlaga eru vegna ákvarðana um vistun barna og forsjá. Gjafsókn er lögbundin í þeim tilvikum. Umsókn um gjafsókn á grundvelli 60. gr. barnaverndarlaga er lögð fram til dómsmálaráðuneytisins sem tekur afstöðu til og eftir atvikum veitir gjafsóknarleyfi samkvæmt barnaverndarlögum án umsagnar gjafsóknarnefndar.

Undantekning frá lögbundinni gjafsókn á grundvelli barnaverndarlaga er í málum sem höfðuð eru samkvæmt 34. gr. laganna til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms. Fer um slík mál samkvæmt almennum reglum gjafsóknar.

#### ***Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008***

Í skaðabótamálum sem höfðuð eru fyrir héraðsdómi samkvæmt 248., sbr. 246. gr. laga um meðferð sakamála ber að veita gjafsókn. Umsóknir í slíkum málum koma til umsagnar gjafsóknarnefndar. Á árinu 2022 voru samtals 38 umsóknir um gjafsókn í málum á þessum grundvelli og til viðmiðunar voru samtals 34 umsóknir á árinu 2021.

#### ***Lög um umboðsmann Alþingis nr. 85/1997***

Samkvæmt d. lið 2. mgr. 10. gr. laga um umboðsmann Alþingis getur umboðsmaður lagt til við ráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla til úrlausnar. Gjafsóknarleyfi sem gefin eru út á grundvelli þessa lagagreinar koma ekki til umsagnar hjá gjafsóknarnefnd.

#### ***Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarhalda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.***

Á grundvelli þjóðlendulaga gilda sérreglur um gjafsókn. Samkvæmt 19. gr. laganna er heimilt að veita aðila gjafsókn í samræmi við X. kafla laga um meðferð einkamála, þrátt fyrir skilyrði 126. gr. einkamálalaganna, þegar úrlausn máls hefur samkvæmt þjóðlendulögum:

- a. verulega almenna þýðingu eða
- b. varðar verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrrsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag hans.

Samkvæmt ákvæðum þjóðlendulaga getur þannig komið til álita að lögðaila verði veitt gjafsókn í máli.

Á árinu 2022 voru engar umsóknir um gjafsókn í málum sem rekin voru samkvæmt þjóðlendulögum nr. 58/1998. Til viðmiðunar voru á árinu 2021 fimm umsóknir um gjafsókn á grundvelli þjóðlendulaga.

#### ***Lög um ættleiðingar nr. 130/1999***

Samkvæmt 23. gr. laga um ættleiðingar skal stefnandi hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr. laganna. Á árinu 2022 var engin umsókn um gjafsókn á grundvelli þessa lagaákvæðis til umsagnar hjá gjafsóknarnefnd.

#### ***Lög um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið nr. 21/1994***

Í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að hafi dómstóll ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins sé rétt að veita málsaðila, sem ekki hafi krafist að álitsins verði aflað, gjafsókn vegna þess þáttar málsins. Á árinu 2022 voru engar umsóknir um gjafsókn á grundvelli þessa lagaákvæðis til umsagnar hjá gjafsóknarnefnd.

## II hluti

### Tölulegar upplýsingar er varða afgreiðslur mála.

Í öðrum hluta ársskýrslunnar verður fjallað um tölulegar upplýsingar um afgreiðslur mála á árinu 2022.

### Heildarfjöldi mála

Á árinu 2022 tók gjafsóknarnefnd til umfjöllunar samtals 603 umsóknir. Til viðmiðunar tók nefndin á árinu 2021 til afgreiðslu 592 umsóknir. Afgreiðslu málanna á árinu 2022 var með eftirfarandi hætti og til viðmiðunar er fjöldi mála fyrir árið 2021 í dálkinum lengst til hægri:

	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
Mælt með gjafsókn	325	383
Ekki mælt með gjafsókn	249	178
Umsóknum vísað frá nefndinni	27	24
Umsóknir sem voru afturkallaðar eftir að gjafsóknarnefnd hóf aðkomu sína í málinu.	2	7
<b>Samtals mál sem voru til umfjöllunar hjá nefndinni</b>	<b>603</b>	<b>592</b>

Á árinu 2022 voru um 54% málanna sem afgreidd voru frá gjafsóknarnefnd sem fengu jákvæða niðurstöðu á móti um 65% á árinu 2021. Þá var ekki mælt með gjafsókn í um 41% mála á árinu 2022 á móti 30% mála fyrir árið 2021.

<b>Mælt með gjafsókn:</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
Mælt með gjafsókn á grundvelli a. liðar 1. mgr. 126. gr.	240	295
Mælt með gjafsókn á grundvelli b. liðar 1. mgr. 126. gr.	54	64
Mælt með gjafsókn skv. lögum um meðferð sakamála <sup>2</sup>	31	24
<b>Samtals</b>	<b>325</b>	<b>383</b>

<sup>2</sup> Í ljósi þess að gjafsókn er lögbundin í málum á grundvelli 248., sbr. 246. gr. laga nr. 88/2008 er fjárhagur umsækjanda ekki skoðaður og þar af leiðandi er ekki vísað til a. eða b. liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 í umsögn nefndarinnar.

<b>Ekki mælt með gjafsókn:</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
Ekki talin vera skilyrði til gjafsóknar skv. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 og/eða 5. gr. reglugerðar nr. 45/2008	162	107
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	82	65
Ekki uppfyllt skilyrði 246. gr. sakamálalaga	5	6
<b>Samtals</b>	<b>249</b>	<b>178</b>

## Aðkoma varamanna

Aðkoma varamanna í málum á árinu 2022 var með eftirfarandi hætti:

<b>Varamaður</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>Fjöldi funda</b>	<b>Par af fjöldi mála sem voru afgreidd á milli funda</b>
Finnur Magnússon	<b>33</b>	7	2
Þórdís Bjarnadóttir	<b>39</b>	10	4
Eggert Óskarsson	<b>68</b>	15	8

## Fyrir hvaða dómstól var óskað gjafsóknar

Þau 603 mál sem gjafsóknarnefnd fjallaði um voru lang flestar umsóknir vegna mála sem rekin voru fyrir héraðsdómi. Nánar var skipting umsókna milli dómstiga eins og töflunnar hér að neðan skýra frá. Til viðmiðunar er fjöldi mála fyrir árið 2021 í dálkunum lengst til hægri.

## Héraðsdómur

Alls voru 527 mál vegna umsóknar um gjafsókn fyrir héraðsdómi, eða 87,4% hlutfall af þeim málum er nefndin tók til afgreiðslu. Til viðmiðunar var á árinu 2021 samtals 522 umsóknir vegna gjafsóknar fyrir málsmeðferð fyrir héraðsdómi, eða 88,2% mála það árið. Afgreiðsla málanna á árinu 2022 hjá nefndinni var með eftirfarandi hætti:

	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>277</b>	<b>330</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	205	253
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	41	52
Mælt með gjafsókn á grv. laga um meðferð sakamála	31	25
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>225</b>	<b>167</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	141	101
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	79	61

Ekki uppfyllt skilyrði 246. gr. sakamálagaga	5	5
<b>Vísað frá</b>	<b>23</b>	19
<b>Umsókn afturkölluð</b>	<b>2</b>	6
<b>Samtals</b>	<b>527</b>	522

#### **Landsréttur:**

Umsóknir vegna mála er rekin voru fyrir Landsrétti voru samtals 66 eða 10,9% allra mála. Til viðmiðunar var á árinu 2021 samtals fjallað um 56 mál sem rekin voru fyrir Landsrétti sem gerir 9,5% hlutfall mála fyrir árið 2021. Afgreiðsla málanna á árinu 2022 hjá nefndinni var með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi mála	2021
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>38</b>	40
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	30	32
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	8	7
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>24</b>	11
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	21	7
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	3	4
<b>Vísað frá</b>	<b>4</b>	4
<b>Umsókn afturkölluð</b>	<b>0</b>	1
<b>Samtals</b>	<b>66</b>	56

#### **Hæstiréttur:**

Umóknir vegna mála sem rekin voru fyrir Hæstarétti voru samtals 10 eða 1,7% allra mála sem tekin voru til afgreiðslu á árinu 2022. Til viðmiðunar voru á árinu 2021 samtals 14 mál rekin fyrir Hæstarétti og komu til umfjöllunar hjá gjafsóknarnefnd sem nemur 2,4% hlutfalli allra mála. Afgreiðsla málanna á árinu 2022 hjá nefndinni var með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi mála	2021
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>10</b>	13
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	5	8
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	5	5
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>0</b>	0
<b>Vísað frá</b>	<b>0</b>	1
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	14

## Heildarfjöldi umsækjenda og flokkun umsókna eftir kyni umsækjanda, dómstigi og eftir umsögnum gjafsóknarnefndar

Umsækjendur um gjafsókn voru alls 616 talsins í þeim 603 málum sem gjafsóknarnefnd tók til umfjöllunar á árinu 2022. Konur voru heldur fleiri eða samtals 313 og karlar alls 300. Enginn umsækjandi var með hlutlausa skráningu kyns síns („kynsegin/annað“) í Þjóðskrá á árinu 2022. Þá sóttu samtals 3 lögaðilar um gjafsókn. Í alls 13 málum voru umsækjendur fleiri en einn.

Konur	Karlar	Kynsegin/annað	Lögaðilar
313	300	0	3

Flokkun umsækjenda eftir kyni og dómstól má sjá í töflunni hér að neðan. Þar má einnig sjá flokkunina á milli þess hvort viðkomandi umsækjandi var málshefjandi eða varnaraðili. Við flokkun á því hvort umsækjandi var málshefjandi eða varnaraðili fyrir Landsrétti og Hæstarétti er litið til þess hvort viðkomandi umsækjandi var málshefjandi eða varnaraðili fyrir héraðsdómi.<sup>3</sup> Það ber að athuga að fjöldinn sem hér er tilgreindur er málafjöldinn, en ekki fjöldi umsækjenda. Í samtals 13 málum voru umsækjendur fleiri en einn og því skarast talningin að einhverju leyti.

Dómstóll	Konur – 313 <sup>4</sup>	Karlar – 300 <sup>5</sup>	Lögaðilar - 3
<b>Héraðsdómur</b>	<b>275 mál</b>	<b>258 mál</b>	<b>3 mál</b>
Málshefjandi	196	215	3
Varnaraðili	68	39	0
Óljóst	11	4	0
<b>Landsréttur</b>	<b>31 mál</b>	<b>36 mál</b>	<b>0 mál</b>
Málshefjandi	15	28	0
Varnaraðili	16	8	0
Óljóst	0	0	0
<b>Hæstiréttur</b>	<b>6 mál</b>	<b>4 mál</b>	<b>0 mál</b>
Málshefjandi	5	3	0
Varnaraðili	1	1	0
Óljóst	0	0	0

Samkvæmt framangreindu voru konur í meirihluta þeirra mála sem rekin voru fyrir héraðsdómi. Fyrir Landsrétti voru mál þar sem karlar voru umsækjendur heldur fleiri. Í þeim 10 málum sem rekin voru fyrir Hæstarétti og sótt var um gjafsókn í voru konur umsækjendur í sex þeirra og karlar í fjórum.

<sup>3</sup> Til nánari skýringar þá falla þeir í flokk varnaraðila fyrir Landsrétti og Hæstarétti hafi viðkomandi umsækjandi verið varnaraðili fyrir héraðsdómi. Með sama hætti falla þeir í flokk málshefjanda fyrir Landsrétti og Hæstarétti sem voru málshefjandi fyrir héraðsdómi.

<sup>4</sup> Samtals sóttu 313 konur um gjafsókn í samtals 312 málum.

<sup>5</sup> Samtals sóttu 300 karlar um gjafsókn í samtals 298 málum.

### **Endurupptaka og/eða rýmkun**

Af þeim 603 málum sem gjafsóknarnefnd tók til umfjöllunar voru samtals 47 mál skráð sem endurupptökumál og 24 mál voru skráð sem umsókn um rýmkun á áður veittri gjafsókn. Rýmkun á gjafsókn var hafnað í 14 málanna og samþykkt í 9 málum. Flest málanna er varða rýmkun á gjafsókn er vegna forsjármála eða 17 mál, á þá leið að óskað var rýmkunar á gjafsókn þannig að hún næði einnig til öflunar matsgerðar.

### **Kyn og fjárhagsstaða umsækjanda**

Sé kyn umsækjanda borið saman við umsögn gjafsóknarnefndar og fjárhagsstöðu umsækjanda má sjá að í 51 máli var ekki mælt með gjafsókn til handa konu á grundvelli fjárhagsstöðu hennar og í 32 málum þar sem karl var umsækjandi.

Sé litið til ársins 2021 þá var í 34 málum ekki mælt með gjafsókn til handa konu á grundvelli fjárhagsstöðu hennar og í 32 málum þar sem karl var umsækjandi.

### **Afgreiðsla umsókna hjá gjafsóknarnefnd**

Í töflunum hér að neðan má sjá hvernig afgreiðslu umsókna hjá gjafsóknarnefnd var háttað, flokkað eftir kyni, lögaðila og niðurstöðum nefndarinnar. Til viðmiðunar er fjöldi mála fyrir árið 2021 í dálkinum lengst til hægri.

<b>Konur</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>167</b>	<b>210</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	134	174
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	26	26
Mælt með gjafsókn á grv. laga um meðferð sakamála	7	10
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>129</b>	<b>96</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	77	61
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	51	34
Ekki uppfyllt skilyrði 246. gr. sakamálalaga	1	1
<b>Vísað frá</b>	<b>14</b>	<b>10</b>
<b>Umsókn afturkölluð</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
<b>Samtals</b>	<b>312</b>	<b>319</b>

<b>Karlar</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>159</b>	<b>175</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	107	122
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	28	37



Mælt með gjafsókn á grv. laga um meðferð sakamála	24	16
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>127</b>	<b>84</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	91	47
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	32	32
Ekki uppfyllt skilyrði 246. gr. sakamálalaga	4	5
<b>Vísað frá</b>	<b>12</b>	<b>16</b>
<b>Umsókn afturkölluð</b>	<b>0</b>	<b>5</b>
<b>Samtals</b>	<b>298</b>	<b>280</b>

<b>Lögaðilar</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>2021</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>0</b>	<b>4</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	0	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	0	4
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	<b>2</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	3	2
<b>Vísað frá</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Umsókn afturkölluð</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>6</b>

### *Flokkun mála eftir eðli máls*

Séu málin og afdrif þeirra hjá nefndinni flokkuð niður eftir eðli þeirra var flokkunin og fjöldinn eins og sést í töflunni hér að neðan. Hafa ber í huga að flokkunin er alls ekki afdráttarlaus. Reynt var að haga flokkuninni þannig að viðkomandi mál félli undir þann flokk sem lengst gekk varðandi kröfur umsækjanda. Sem dæmi um slíkt ef umsækjandi sótti um gjafsókn vegna höfðunar máls bæði til skilnaðar og með kröfu um forsjá/lögheimili barns þeirra, þá var málið flokkað sem forsjármál en ekki einnig sem skilnaðarmál. Það sama á við um mál sem höfðuð voru til viðurkenningar á bótaskyldu og jafnframt til innheimtu skaðabóta vegna sama slyss. Í slíkum tilvikum var viðkomandi mál flokkað í flokkinn *Mál til heimtu skaðabóta, hverskonar slys* en ekki og í flokkinn *Mál til viðurkenningar á bótaskyldu hvers konar*. Til viðmiðunar eru í dálkinum lengst til hægri hafðar tölulegar upplýsingar um fjölda mála í hverjum flokki fyrir sig fyrir árið 2021.

	2022	2021
<b>Heildarfjöldi mála</b>	<b>603</b>	592
<b>Forsjarmál</b>	<b>183</b>	208
<b>Héraðsdómur</b>	<b>164</b>	192
<b>Mælt með gjafsókn</b>	104	148
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	104	145
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	0	3
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>58</b>	38
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	18	13
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	40	25
<b>Vísað frá</b>	0	5
<b>Afturkallað</b>	2	0
<b>Landsréttur</b>	<b>18</b>	15
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>5</b>	10
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	4	10
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	1	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>12</b>	2
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	9	1
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	3	1
<b>Vísað frá</b>	1	2
<b>Afturkallað</b>	0	1
<b>Hæstiréttur</b>	<b>1</b>	2
<b>Mælt með gjafsókn</b>	1	2
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	2
<b>Mál á grundvelli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008</b>	<b>38</b>	34
<b>Héraðsdómur</b>	<b>37</b>	32
Mælt með gjafsókn	31	25
Ekki mælt með gjafsókn	5	5
Vísað frá	1	1
Afturkallað	0	1
<b>Landsréttur</b>	<b>1</b>	2
Mælt með gjafsókn	0	1
Ekki mælt með gjafsókn	1	1
<b>Mál á grundvelli Haag samningsins</b>	<b>15</b>	10
<b>Héraðsdómur</b>	<b>10</b>	9
<b>Mælt með gjafsókn</b>	10	8
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	8	4
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	2	4
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	0	0
<b>Vísað frá</b>	0	1
<b>Landsréttur</b>	<b>4</b>	1

<b>Mælt með gjafsókn</b>	4	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	4	1
<b>Aðfararmál, afhending barns</b>	<b>8</b>	<b>7</b>
<b>Héraðsdómur</b>	<b>7</b>	<b>5</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	4	4
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	4	4
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	3	1
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	0
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	2	1
<b>Landsréttur</b>	<b>1</b>	<b>2</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>0</b>	<b>2</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	<b>0</b>	<b>2</b>
<b>Vísað frá</b>	1	0
<b>Þjóðlendumál</b>	<b>0</b>	<b>5</b>
<b>Héraðsdómur</b>	-	0
<b>Landsréttur</b>	-	4
<b>Mælt með gjafsókn</b>	-	4
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	-	4
<b>Hæstiréttur</b>	-	1
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	-	1
<b>Mál til heimtu skaðabóta vegna hvers konar slysa</b>	<b>112</b>	<b>106</b>
<b>Héraðsdómur</b>	<b>102</b>	<b>89</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>58</b>	<b>49</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	37	36
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	21	13
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>41</b>	<b>33</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	37	32
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	4	1
<b>Vísað frá</b>	<b>3</b>	<b>6</b>
<b>Afturkallað</b>	0	1
<b>Landsréttur</b>	<b>9</b>	<b>13</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>7</b>	<b>10</b>
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	5	8
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	2	2
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	<b>2</b>
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	2	1
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	0	1
<b>Vísað frá</b>	0	1
<b>Hæstiréttur</b>	<b>1</b>	<b>4</b>
<b>Mælt með gjafsókn</b>	1	3
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	0	1

Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	1	2
Vísað frá	0	1
<b>Mál til viðurkenningar á bótaskyldu hvers konar</b>	<b>39</b>	24
<b>Héraðsdómur</b>	<b>35</b>	23
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>17</b>	17
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	11	8
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	6	9
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>16</b>	4
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	12	3
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	4	1
Vísað frá	2	2
<b>Landsréttur</b>	<b>4</b>	1
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	1	1
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	0
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	0
<b>Mál er varða skilnað og/eða opinber skipti til fjárslita þ.á.m. ágreiningsmál</b>	<b>28</b>	30
<b>Héraðsdómur</b>	<b>26</b>	27
<b>Mælt með gjafsókn</b>	12	18
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	12	18
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	13	9
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	2	1
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	11	8
Vísað frá	1	0
<b>Landsréttur</b>	<b>2</b>	3
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	2
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	2
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	1
<b>Mál er varða ógildingu stjórnvaldsákvörðunar</b>	<b>33</b>	32
<b>Héraðsdómur</b>	<b>26</b>	28
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>8</b>	16
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	5	4
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	3	12
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>16</b>	10
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	13	9
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	3	1

<b>Vísað frá</b>	<b>2</b>	0
<b>Afturkallað</b>	<b>0</b>	2
<b>Landsréttur</b>	<b>3</b>	3
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	1
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	2
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	1
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	0	1
<b>Vísað frá</b>	<b>1</b>	0
<b>Hæstiréttur</b>	<b>4</b>	1
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>4</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	1
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	3	0
<b>Mál er varða skaðabætur vegna hvers konar læknismeðferðar</b>	<b>11</b>	13
<b>Héraðsdómur</b>	<b>10</b>	13
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	4
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	0	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	2	4
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>7</b>	9
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	7	9
<b>Vísað frá</b>	<b>1</b>	0
<b>Landsréttur</b>	<b>1</b>	0
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	1	0
<b>Mál er varða laun, vinnurétt og/eða lífeyrismál</b>	<b>9</b>	5
<b>Héraðsdómur</b>	<b>5</b>	5
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	3
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	2
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr.	0	1
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	2
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	3	0
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	0	2
<b>Landsréttur</b>	<b>4</b>	0
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	0
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	0
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	2	0

<b>Meiðyrðamál og/eða mál er varða friðhelgi einkalífs</b>	<b>14</b>	14
<b>Héraðsdómur</b>	<b>12</b>	12
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	0
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>10</b>	11
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	10	11
<b>Vísað frá</b>	<b>0</b>	1
<b>Landsréttur</b>	<b>1</b>	2
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	1
<b>Vísað frá</b>	<b>0</b>	1
<b>Önnur mál er varða skaðabætur og/eða miskabætur, ekki á grundvelli slysa eða lækni meðferðar</b>	<b>46</b>	46
<b>Héraðsdómur</b>	<b>37</b>	40
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>17</b>	18
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	12	13
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	5	5
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>19</b>	18
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	18	11
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	1	7
<b>Vísað frá</b>	<b>1</b>	2
<b>Afturkallað</b>	<b>0</b>	2
<b>Landsréttur</b>	<b>8</b>	5
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>7</b>	4
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	4	4
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	3	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	0
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	0	1
<b>Hæstiréttur</b>	<b>1</b>	1
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr.	0	1
<b>Mál er varða fjárkröfu</b>	<b>29</b>	31
<b>Héraðsdómur</b>	<b>23</b>	28
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>4</b>	9
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	9
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr	2	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>19</b>	19
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	13	10
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	6	9

<b>Landsréttur</b>	<b>5</b>	2
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>2</b>	0
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	2	0
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	2
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	3	2
<b>Hæstiréttur</b>	<b>1</b>	1
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr.	1	0
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr.	0	1
<b>Mál er varða landamerki og/eða eignarhald fasteigna/jarða</b>	<b>6</b>	5
<b>Héraðsdómur</b>	<b>3</b>	3
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>0</b>	2
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr.	0	2
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	1
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	2	1
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	0
<b>Landsréttur</b>	<b>3</b>	2
<b>Mælt mælt með gjafsókn</b>	<b>3</b>	2
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	3	2
<b>Öll önnur mál, óflokkuð</b>	<b>32</b>	22
<b>Héraðsdómur</b>	<b>30</b>	17
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>6</b>	9
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	6	8
Mælt með gjafsókn á grv. b. liðar 1. mgr. 126. gr.	0	1
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>12</b>	7
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	6	2
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu umsækjanda	6	5
<b>Vísað frá</b>	<b>12</b>	1
<b>Landsréttur</b>	<b>2</b>	1
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	1
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	1	1
<b>Ekki mælt með gjafsókn</b>	<b>1</b>	0
Ekki voru talin vera uppfyllt skilyrði til gjafsóknar	1	0
<b>Hæstiréttur</b>	<b>0</b>	4
<b>Mælt með gjafsókn</b>	<b>0</b>	4
Mælt með gjafsókn á grv. a. liðar 1. mgr. 126. gr	0	4

## Þjóðerni umsækjenda

Haldið er utan um þjóðerni þeirra einstaklinga sem sækja um gjafsókn. Skráningin er með þeim fyrirvara að þjóðerni þeirra einstaklinga sem ekki eru skráðir á Þjóðskrá Íslands var skrásett samkvæmt upplýsingum í umsókn þeirra. Komu ekki fram upplýsingar um þjóðerni þeirra í umsókn var það land sem þeir voru búsettir í á umsóknartíma skrásett, skv. upplýsingum í umsókn. Þeir 613 einstaklingar sem fjallað var um voru frá eftirfarandi þjóðlöndum:

Land	Fjöldi
Ísland	498
Pólland	44
Nígería	7
Rúmenía	5
Víetnam	5
Portúgal	4
Albanía	3
Bandaríkin	3
Bretland	3
Kenía	3
Marokkó	3
Spánn	3
Venesúela	3
Belgía	2
Frakkland	2
Holland	2
Ítalía	2

Litáen	2
Sýrland	2
Alsír	1
Bosnía	1
Búlgaría	1
Búrkína fasó	1
Ghana	1
Írak	1
Kanada	1
Kína	1
Kósóvó	1
Króatía	1
Lettland	1
Mexíkó	1
Perú	1
Rússland	1
Serbía	1
Tæland	1
Ungverjaland	1



### **III. hluti**

#### **Reikningar og kostnaður vegna gjafsóknarmála**

Eitt af hlutverkum starfsmanns gjafsóknarnefndar er að fara yfir og staðfesta reikninga sem berast vegna gjafsóknarmála. Reikningar á árinu 2022 voru á pappíriformi. Ferlið við greiðslu reikninga er það að reikningur er stílaður á og sendur til sýslumannsins á Vesturlandi. Starfsmaður gjafsóknarnefndar yfirfer reikningana og gengur úr skugga um að reikningur sé í samræmi við útgefið gjafsóknarleyfi, að innheimt málflutningsþóknun sé í samræmi við dóm/úrskurð í málinu sem bundið hefur enda á málið og að öll gögn sem eiga að fylgja fylgi hverjum reikningi fyrir sig. Starfsmaður áritar samþykki fyrir greiðslu reikningsins á reikninginn sjálfan. Að staðfestingu lokinni er á reikninginn fært viðfangsnúmer og hann skráður. Reikningar eru svo afritaðir og frumrit þeirra eru sendir til Fjársýslu ríkisins sem sér um hina eiginlegu greiðslu reiknings.

Fjöldi staðfesta reikninga hjá sýslumanninum á Vesturlandi á árinu 2022 voru samtals 537 og nam heildarfjárhæð þeirra samtals kr. 697.545.151. Sá fyrirvari er hafður á þessari samtölu er að utan um reikninga er haldið í excel skjali sem handfært er inn af starfsmanni gjafsóknarnefndar og má vera þegar annir eru miklar að allir reikningar rati ekki inn í skjalið til skráningar. Við yfirferð excel skjalsins er ljóst að skráningu reikninga var að einhverju leyti ábótavant á árinu 2022. Er því ekki hægt að líta á framangreindan fjölda reikninga og fjárhæð sem rauntölur fyrir málaflokkinn.

Á árinu 2021 var fjöldi staðfesta og skráðra reikninga samtals 657 og nam heildarfjárhæð þeirra samtals kr. 815.287.257.

Á árinu 2022 var skráning á kostnaðarskiptingu milli málaflokka ekki áreiðanleg og er því ekki hægt með einföldum hætti að taka saman heildarkostnað í málum á milli málaflokka. Frá 1. janúar 2023 hefur skráningu á kostnaðarskiptingu verið haldið til haga og vænta má að fyrir árið 2023 fáist nánari tölulegar upplýsingar er varða þá skráningu.

Akranesi 17. nóvember 2023

---

Ásta Valdimarsdóttir  
löglærður fulltrúi og umsjón gjafsóknarmála